

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla,
nr. 5/2001.**

1. gr.

Í stað 2. málslíðar 1. mgr. 9. gr. komi nýr málslíður, svohljóðandi:

Námsráðgjafi skal hafa lokið minnst fjögurra ára háskólanámi með fullgildum loka-prófum og þar af eins árs námi í náms- og starfsráðgjöf.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 13. júlí 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir hitaveitur.

Samkvæmt lögum nr. 40 frá 30. maí 2001 og orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. er taki gildi 1. ágúst 2004.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir hitaveitur, nr. 584, 29. júlí 2003 breytist þannig: Allir gjaldskrárliðir hækka um 2,9%.

Iðnaðarráðuneytinu, 26. júlí 2004.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Jónvör Steinhólm.